

STJÓRNARTÍÐINDI B 47 — 1984

16. nóvember 1984

693

Nr. 432

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 265/1984 um skuldbreytingarlán úr Fiskveiðasjóði Íslands.

1. gr.

9. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Afgreiðslu skuldbreytingarlána samkvæmt reglugerð þessari skal lokið fyrir 1. desember 1984.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 44/1976 sbr. l. 40/1984 um breyting á lögum nr. 44 25. maí 1976, um Fiskveiðasjóð Íslands með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 16. nóvember 1984.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Gylfi Gautur Pétursson.

12. nóvember 1984

SAMÞYKKT

Nr. 433

um afgreiðslutíma verslana á Akranesi.

1. gr.

Samþykkt þessi tekur til hvers konar smásöluverslunar á Akranesi.

Undanþegnar ákvæðum samþykktarinnar eru þó lyfjabúðir og bifreiðastöðvar.

Ef ágreiningur rís um skilning á ákvæðum samþykktarinnar, úrskurðar bæjarstjórn, að fenginni umsögn lögreglustjóra, en skjóta má þeim úrskurði til ráðherra.

2. gr.

Daglegur afgreiðslutími smásöluverslana og annarra sölustaða, er samþykkt þessi tekur til, má vera sem hér segir, nema öðruvísi sé ákveðið í samþykktinni:

Heimilt skal að opna sölustaði kl. 07:00 og skal þeim lokað eigi síðar en kl. 23:30 alla daga vikunnar sbr. þó 3. gr.

Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla skal heimilt að hafa verslanir opnar til kl. 24:00.

Bæjarstjórn getur heimilað, að verslanir séu opnar á tímabilinu frá kl. 23:30 til kl. 07:00 að morgni.

B 89

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

3. gr.

Um lokun sölustaða á einstökum helgidögum og hátíðisdögum gilda eftirfarandi reglur:

- a) Föstudaginn langa, páskadag, hvítasunnudag og jóladag skal öllum sölustöðum lokað allan daginn.
- b) Aðfangadag jóla og gamlársdag skal öllum sölustöðum lokað eigi síðar en kl. 15:00.

4. gr.

Í kvikmyndahúsum, leikhúsum, á íþróttavöllum, útiskemmtistöðum og slíkum stöðum skal heimilt, að fengnu leyfi heilbrigðisnefndar að selja sælgæti, tóbak, gosdrykki og annað slíkt, sem ætla má að neytt verði á staðnum. Einnig má selja sýningarskrár, minjagripi og annað slíkt sem eðlilegt telst, að þar sé til sölu, utan þess tíma er um getur í 2. gr., þó aldrei eftir að sýningu lýkur eða skemmtistað er lokað.

5. gr.

Eftir lokunartíma sölustaða er óheimilt að selja þann varning, sem verslunarleyfi þarf til sölu á, þó skal heimilt að afgreiða það fólk sem komið er í verslun eða sölustað þegar lokað er.

6. gr.

Lögreglustjóri getur í einstökum tilvikum heimilað rýmri sölutíma en segir í samþykkt þessari þegar hann telur sérstaka ástæðu til, m. a. þegar ágóði af sölu skal renna til almenningsheilla eða góðgerðarstarfsemi.

7. gr.

Fyrir leyfi til rýmri sölutíma skv. 4. mgr. og 2. gr. skal árlega greiða gjald í bæjarsjóð skv. ákvörðun bæjarstjórnar. Ef leyfishafi brýtur samþykkt þessa eða skilyrði, sem bæjarstjórn og heilbrigðisnefnd setja fyrir leyfi, greiðir ekki gjaldið á gjalddaga eða rekstur sölustaðar þykir ekki fara vel úr hendi, getur bæjarstjórn svipt hann leyfinu, enda hafi leyfishafi ekki látið segjast við aðvörun.

8. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum. Með mál út af brotum á samþykktinni skal fara að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Akraness hefur samið og samþykkt staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 17 frá 1. febrúar 1936 um samþykktir um lokunartíma sölubúða og öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 12. nóvember 1984.

Alexander Stefánsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.